

Nd. 682. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. apríl.)

1. gr.

Í stað orðsins „(lögmaður)“ í 3. mgr. 4. gr. komi: (í Reykjavík borgardómari).

2. gr.

Við 8. gr. bætist ný mgr., sem verður 3. mgr.:
Dómsmálaráðuneytið ákveður í gjaldskrá þóknun til sáttanefndarmanns fyrir áritun á sáttakæru.

3. gr.

Í stað „500 krónum“ í 2. mgr. 21. gr. komi: 5000 krónum.

4. gr.

Í stað „15 kr.“ í 2. mgr. 26. gr. komi: 150 kr.

5. gr.

27. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið ákveður í gjaldskrá þóknun til sáttanefndarmanna fyrir hvert mál, sem þeir fá til meðferðar.

Sáttanefndarmenn, sem þurfa að takast ferð á hendur til þess að mæta á sáttafundi, skulu fá endurgjald fyrir ferðakostnað.

Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sáttatilaun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. mgr. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð samkvæmt a-lið sömu mgr., en í sátt og úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi og sækjandi eftir a-lið 1. mgr. 21. gr. skuli taka í greiðslum þessum.

6. gr.

Í stað orðsins „(lögmanni)“ í 28. gr. komi: (í Reykjavík yfirborgardómara).

7. gr.

Í stað orðsins „lögmaður“ í 1. mgr. 29. gr. komi: borgardómarar og borgarfógetar.

8. gr.

Í stað orðsins „Konungur“ í 1. mgr. 31. gr. komi: Forseti.

9. gr.

Í stað orðsins „lögmannsins“ á tveimur stöðum í 5. mgr. 33. gr. komi: yfirborgardómara og yfirborgarfégeta.

10. gr.

Í stað orðanna „50—1000 kr.“ í 3. mgr. 34. gr. komi: 200—4000 krónur.

11. gr.

Í stað orðanna „allt að 1000 króna sektum“ í 4. mgr. 39. gr. komi: sektum eða varðhaldi.

12. gr.

4. másl. 41. gr. orðist svo: Dómari ákveður þóknun handa þingvottum.

13. gr.

Í stað „500 krónum“ í 4. mgr. 71. gr. komi: 5000 krónum, og í stað „500 krónur“ í sömu mgr. komi: 5000 krónur.

14. gr.

Í stað orðanna „10—200 króna sekt“ í 4. mgr. 96. gr. komi: fésekt.

15. gr.

Í stað orðanna „og varðar það hverju sinni 10—100 króna sektum til vitna-stefnanda, ef hann krefst þess, eða allt að 6 mánaða fangelsi“ í 2. mgr. 131. gr. komi: og gerir dómari því sektir eða varðhald allt að sex mánuðum.

16. gr.

135. gr. orðist svo:

Þeim, sem kveður vitni vættis, ber að sjá því fyrir fram fyrir fé til greiðslu á kostnaði af ferðalagi og dvöl á þingstað.

Þá er vitni hefur innt af hendi vitnaskyldu sína, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja fyrir dómi, skal dómari þegar í þinghaldi kveða á um greiðslu til vitnis, bæði fyrir útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun, ef það krefst, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, sem vættis hefur krafizt, greiðir einn kostnað og þóknun um sinn, en hafi báðir aðilar krafizt vættis eða báðir haft þess not, er dómara rétt að ákveða greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Þóknun er kræf, jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn.

17. gr.

2. og 3. mgr. 141. gr. orðist svo:

Nú vanrækir matsmaður starfann, kemur eigi að forfallalausum fyrir dóm eftir kvaðningu til að staðfesta matsgerð sína eða svara eigi spurningum, og ber matsdómara að úrskurða honum sektir til ríkissjóðs eða, séu miklar sakir, varðhald allt að sex mánuðum.

Matsmaður á heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað svo og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður. Rétt er matsmanni að krefjast fyrirframgreiðslu á ferðakostnaði og tryggingar, sem matsdómari ákveður, ef með þarf, fyrir verkkaupi, áður en hann tekur til starfa.

18. gr.

a) Sektarfjárhæðir allar í 1. mgr. 188. gr. falli niður.

b) 4. mgr. greinarinnar orðist svo:

Sá, sem annars kemur hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, sbr. 39. gr., skal sæta sektum.

19. gr.

2. mgr. 203. gr. orðist svo:

Héraðsdómari kveður á um greiðslur til sjó- og verzlunardómsmanna. Rétt er dómsmálaráðherra að kæra þá ákvörðun.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.